

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46/1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. nóvember 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“ nr. 121 27. janúar 1978.

Stjórn samtakanna „Ungt fólk með hlutverk“ hefur hinn 19. apríl 1997 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá samtakanna, sem staðfest var 27. janúar 1978.

1. gr.

1. gr. orðist svo: Hlutverk samtakanna er að vinna að framgangi síðustu skipunar frelsarans Jesú Krists kristniboðsskipuninni og vera til þjónustu við einstaka kristna söfnuði. Öll slík starfsemi skal vera í fullu samráði við hlutaðeigandi aðila í hverju tilviki.

2. gr.

7. gr. orðist svo: Reikningsár samtakanna er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

3. gr.

8. gr. orðist svo: Komi til þess að U.F.M.H. hætti störfum, skulu eigur þess renna til kristins kirkjusafnaðar samkvæmt ákvörðun sem tekin yrði samhliða ákvörðun um að leggja samtökin niður.

4. gr.

9. gr. orðist svo: Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á fundi fulltrúaráðs U.F.M.H. og að því tilskyldu að um slíkt fundarefni hafi verið getið í dagskrá og a.m.k. helmingur fulltrúaráðsins sé mættur á fundinn. Með sama hætti má taka ákvörðun um að leggja samtökin niður.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“ staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. nóvember 1997.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Fanney Óskarsdóttir.*